

First Water (áður Landeldi hf.)
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

7. janúar 2026
UOS2501403/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 3. júlí 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í First Water (áður Landeldi hf.), Öxnalæk ID 65 þann 11. júní 2025. Þann 23. júlí 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Framleiðsla fyrir árið 2023 var yfir leyfilegum mörkum starfsleyfis. Í úrbótaáætlun frá 3. september 2024 var stefnt á að ljúka beiðni um breytingu á starfsleyfinu fyrir 29. nóvember 2024, því hefur ekki verið lokið. Samkvæmt úrbótaáætlun sem barst 23. júlí 2025, þá er hefur rekstraraðili unnið að umsókn um breytingu á starfsleyfinu. Málsmeðferð er hafin vegna kröfu Skipulagsstofnunar um umhverfismat. Gert er ráð fyrir að úrskurður liggi fyrir innan 5- 7 mánaða.
2. Gr. 2.7 í starfsleyfi. Ammóníak í fráveituvatni var yfir leyfilegum mörkum starfsleyfis. Samkvæmt rekstraraðila er hönnun á nýrri tromlusíu í vinnslu, verklok hafa ekki verið dagsett, en stefnt er á að ljúka uppsetningu fyrir næstu úttekt.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100 tonn af laxa- eða bleikjuseiðum til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Samkvæmt úrbótaáætlun sem barst 23. júlí 2025, þá er hefur rekstraraðili unnið að umsókn um breytingu á starfsleyfinu. Málsmeðferð er hafin vegna kröfu Skipulagsstofnunar um umhverfismat. Gert er ráð fyrir að úrskurður liggi fyrir innan 5-7 mánaða.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Fosfórlosun var yfir mörkum starfsleyfis. Rekstraraðili vinnur samkvæmt bættri fóðurnýtingu með endurskoðuðum verklagsreglum og aðstæðum í eldi. Markmiðið er að draga úr fóðursóun og þar með fosfórlosun til umhverfissins.

3. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Í eftirlitinu 11. júní 2025 þá var uppsafnað fóður í viðtakanum. Rekstraraðili er að hanna nýja tromlusíu, verklok hafa ekki verið dagsett en stefnt er að því að ljúka uppsetningu fyrir næsta eftirlit.
4. Gr. 2.7 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 17. desember 2024. Sjá úrbætur í lið 3.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson
lögfræðingur í teymi eftirlits